

S A M Þ Y K K T**fyrir Veiðifélag Lóna í Kelduhverfi.****1. gr.**

Félagið heitir Veiðifélag Lóna.

Heimili þess og varnarþing er Kelduneshreppur í Norður-Pingeyjarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Lónunum innan við sjávarkambinn vestast í Kelduhverfi, en þær eru Lón I, Lón II, Fjöll I, Fjöll II og Auðbjargarstaðir.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem félagsfundur ákveður. Einnig ákvarðar félagsfundur aðra hagnýtingu Lónanna, í sambandi við veiði- og fiskiræktarmál, svo sem til fiskeldis, fiskhalds, hafbeitar o. þ. h.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi setið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal varamann í stjórn og endurskoðanda til eins árs í senn.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur á hendi yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marsmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá starfsemi félagsins á liðnu starfsári, og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt VIII. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. nóvember 1980.

Pálmi Jónsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Lóna.

| | |
|------------------------|--------|
| Lón I | 33.33% |
| Lón II | 16.67% |
| Fjöll I | 20.83% |
| Fjöll II | 10.83% |
| Auðbjargarstaðir | 8.34% |

Arðskráin gildi í fimm ár.

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. nóvember 1980,

Pálmi Jónsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Borgarnesi
nr. 103 2. apríl 1976.

9. gr. orðist svo:

Gatnagerðargjöld samkv. 6. gr. greiðast þannig, að 20% greiðast, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum. Gjaldldagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir eru hinir sömu og af lánnum Byggðasjóðs til gatnagerðar og greiðast eftir á á sömu gjalddögum og afborganirnar.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarneshrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29. október 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.